

# Íslenski safnadagurinn 2010, sunnudaginn 11.júlí – dagskrá safna:

## Höfuðborgarsvæðið

### **Árbæjarsafn**

Kistuhyl, Reykjavík.

Opið frá 10-17.

Ókeypis aðgangur fyrir alla.

Norrænt þjóðdansmót verður haldið á safninu milli kl. 14-16. Guðspjónusta kl. 14 í safnkirkjunni. Séra Kristinn Ágúst Friðfinnsson þjónar fyrir altari.

### **Landnámssýningin 871 +/-2**

Aðalstræti 16, Reykjavík.

Opið frá 10-17.

Ókeypis aðgangur fyrir alla.

Fjölskylduleiðsögn um fornleifaslóðir kl. 14.

### **Byggðasafn Hafnarfjarðar - Pakkhúsið**

Vesturgata 8.

Opið frá 11-17.

Ókeypis aðgangur.

Þannig var... Saga Hafnarfjarðar og nágrennis frá landnámi til okkar daga.

Draumaverksmiðja íslenskra húsmæðra – Rafha.

Leikfangasýning.

### **Byggðasafn Hafnarfjarðar - Sívertsens-húsið**

Opið frá 11 – 17.

Ókeypis aðgangur.

Saga Bjarna Sívertsen og Heimili yfirstéttafjölskyldu frá fyrri hluta 19. aldar.

### **Byggðasafn Hafnarfjarðar - Siggubær**

Kirkjuvegur 10.

Opið frá 11 – 17.

Ókeypis aðgangur.

Heimili alþýðufjölskyldu frá fyrri hluta 20. aldar.

### **Byggðasafn Hafnarfjarðar - Bookless Bungalow**

Vesturgata 32.

Opið frá 11 – 17.

Ókeypis aðgangur.

Saga erlendu útgerðarinnar í Hafnarfirði í upphafi 20. aldar.

### **Byggðasafn Hafnarfjarðar - Gúttó**

Suðurgata 7.

Opið frá 11 – 17.

Ókeypis aðgangur.

Leiklist í Hafnarfirði – Leikminjasafn Íslands í samvinnu við Byggðasafn Hafnarfjarðar.

### **Gljúfrasteinn - Hús skáldsins**

Gljúfrasteinn - hús skáldsins er í Mosfellsdalnum, í um 20 mínútna fjarlægð frá miðbæ Reykjavíkur. Opið frá 9-17.

Ókeypis aðgangur fyrir alla á Íslenska safnadaginn.

Margmiðlunarsýning og safnbúð í móttökuhúsi, hljóðleiðsögn um húsið, fallegar gönguleiðir í nágrenninu.

Matthías I. Sigurðsson (klarinetta) og María Arnardóttir (píanó) halda stofutónleika á Gljúfrasteini klukkan 16.

### **Hafnarborg menningar- og listamiðstöð Hafnarfjarðar**

Opið frá 12 til 17.

Ókeypis aðgangur alla daga.

Leiðsögn kl. 13 um sýninguna Formlegt aðhald -verk eftir Eirík Smith 1951 – 1957 í umsjón sýningarstjóra og forstöðumanns Hafnarborgar, Ólafar K. Sigurðardóttur

### **Hönnunarsafn Íslands**

Garðatorgi 1, Garðabæ.

Opið frá 12-17.

Ókeypis aðgangur.

Verið velkomin í nýtt húsnæði Hönnunarsafns Íslands. Sumarsýningin 'Úr hafi til hönnunar' varpar ljósi á vinnslu íslensks hráefnis, fiskleðursins! Á sýningunni má sjá fjölbreytt úrval gripa úr íslensku roði og fiskleðri eftir íslenska og erlenda hönnuði. 'Sýnishorn úr safneign' er lítil sýning sem varpar ljósi á söfnunarsvið safnsins. Leiðsögn um safnið kl. 15.

### **Burstabærinn Krókur**

Garðaholti, Garðabæ.

Opið frá 13-17.

Ókeypis aðgangur.

Krókur er lítill bárujárnsklæddur burstabær sem var endurbyggður úr torfbæ árið 1923. Í Króki eru varðveitt gömul húsgögn og munir sem voru í eigu hjónanna Þorbjargar Stefaníu Guðjónsdóttur og Vilmundar Gíslasonar. Bærinn er gott dæmi um húsakost og lifnaðarhætti alþýðufólks á þessum landshluta á fyrri hluta 20. aldar. Bílastæði eru við samkomuhúsið á Garðaholti.

### **Hofsstaðir - minjagarður**

Kirkjulundur, Garðabæ.

Allan sólarhringinn.

Ókeypis aðgangur.

Í minjagarðinum eru leifar af næst stærsta landnámsskála sem hafa fundist á Íslandi. Þar eru einnig snertiskjáiur sem sýna fjölpætta og fróðlega margmiðlunarsýningu sem birtir þrívíddarteikningar af bænum og munum sem fundust í uppgreftrinum að Hofsstöðum. Sýningunni fylgja líka myndasögur þar sem varpað er ljósi á líf ímyndaðra íbúa Hofsstæða við upphaf 10. aldar.

### **Leikminjasafn Íslands**

Suðurgötu 7 (Góðtemplarahúsinu),  
Hafnarfirði.  
Opið frá 11 – 17.  
Sýningin: Leiklist í Hafnarfirði.

**Listasafn Einars Jónssonar**  
Hallgrímstorgi 3, Reykjavík.  
Opið frá 14-17.  
Ókeypis fyrir alla safngesti.

#### **Listasafn Íslands**

Fríkirkjuvegi 7  
Opið frá 11-17  
Ókeypis aðgangur  
LEIÐSÖGN kl. 14 á sýningar safnsins í fylgd Halldórs Björns Runólfssonar. ÁFANGAR - sýning á verkum úr safneign. EDVARD MUNCH - úrval 18 grafíkverka eftir listamanninn og ÓNEFND KVÍKMYNDASKOT - ljósmyndaröð bandarísku listakonunnar Cindy Sherman. Opið í Safnbúð - Tilboð á völdum bókatitlum.

#### **Listasafn Reykjavíkur - Hafnarhús**

Tryggvagata 17, Reykjavík.  
Opið frá 10-17.  
Ókeypis aðgangur.  
VANITAS, KYRRALÍF Í ÍSLENSKRI SAMTÍMALIST: Sýning á myndverkum sem flokka má sem kyrralífsmyndir.  
NEKT - GARY SCHNEIDER: Ljósmyndarinn Gary Schneider fæddist í Suður Afríku árið 1954 en býr og starfar í New York. Á sýningunni sýnir hann myndir af þrjátíu nöktum kvenmans- og karl líkómum í raunstærð sem teknar eru með sérhæfðri tækni.  
Í SAFNI ÓFULLKOMLEIKANS 1939–2010 – UNNAR ÖRN J. AUÐARSON: Innsetning Unnars Arnar er byggð utanum samansafn af gripum sem fengnir eru að láni úr geymslum ljósmynda, skjala og minjasafns Reykjavíkur.  
ERRÓ – MANNLÝSINGAR: Sýningin er helguð glæsilegri listaverkagjöf sem Erró færði Reykjavíkurborg árið 1989.  
ERRÓ - MANNLÝSINGAR – DÚKKUR: Dúkkur eru ekki algengt myndefni í listasögunni. Erró kom því mörgum á óvart þegar hann í lok 9. áratugarins

#### **Listasafn Reykjavíkur - Kjarvalsstaðir**

Við Flókagötu, Reykjavík.  
Opið frá 10-17.  
Aðgangur ókeypis.  
ANNAÐ AUGA - LJÓSMYNDVERK ÚR SAFNEIGN PÉTURS ARASONAR OG RÖGNUM RÓBERTSDÓTTUR: Ljósmyndaverk eftir marga af kunnustu samtímalistamönnum heims, íslenska sem erlenda.  
KJARVAL – LYKILVERK: Einstök yfirlitssýning á verkum eftir meistara Kjarval.  
LJÓSMYND FJÖLSKYLDUSMIÐJA: Listsmiðja fyrir fjölskylduna í tengslum við sýninguna Annað auga.

#### **Listasafn Reykjavíkur - Ásmundarsafn**

Við Sigtún í Laugardal, Reykjavík.  
Opið frá 10-16.  
Aðgangur ókeypis.

„ÉG KÝS BLÓMLEGAR KONUR“ KONAN SEM TÁKN Í LIST ÁSMUNDAR SVEINSSONAR: Verkin á sýningunni spanna allan feril Ásmundar með áherslu á konur og kvenímynd.

SVEFNLIJÓS – RÁÐHILDUR INGADÓTTIR: Innsetning í kúlunni.

HUGSAÐ Í FORMUM: Endurgerð af vinnustofu Ásmundar og lesstofa þar sem hægt er að fræðast um líf og list Ásmundar í máli og myndum.

### **Ljósmyndasafn Reykjavíkur**

Tryggvagata 15, 6.hæð.

Opið frá 13 -17.

Ókeypis aðgangur .

Sýningarnar 'Thomsen & Thomsen' í stóra salnum og Yunjoo Kwak 'Millispil Nr.6' í Skotinu.

### **Náttúrufræðistofa Kópavogs**

Hamraborg 6a, Kópavogur.

Opið frá 13-17.

Aðgangur er ókeypis.

Kl. 15.00. Leiðsögn um sýningu Magnúsar Árnasonar AF LIFUN. Listamaðurinn og Oddný Eir Ævarsdóttir heimspekingur spá í verkin ásamt sýningarstjórunum Kristínu Dagmar Jóhannesdóttur og Hilmarí J. Malmquist. Sérstök fræðsla verður einnig um hinn einstaka kúluskít sem lifir í Mývatni.

### **Nýlistasafnið.**

Skúlagata 28.

Opið frá 12-17.

Aðgangur ókeypis. Öllum opið.

Kl.13 hefst leiðsögn safnstjóra, ritstjóra yfirlitsritsins Nýlistasafnið 1978-2008 og skráningarstarfsmanna, um sögu safnsins, yfirlitsritið og yfirstandandi sýningu.

Ritið Nýlistasafnið 1978-2008 verður á sérstöku tilboðsverði.

Nýlistasafnið er tilnefnt til Íslensku safnaverðlaunanna 2010.

### **Víkin - Sjóminjasafnið í Reykjavík**

Grandagarði 8 - við gömlu höfnina.

Opið frá 11 – 17.

50% afsláttur af miðaverði í tilefni dagsins.

Ókeypis fyrir yngri en 18 ára.

Fyrirverandi varðskipsmenn taka á móti gestum í varðskipinu Óðni. Ný ljósmyndasýning frá Rússlandi – Svipmyndir úr Norðursiglingum – um skipalestir í síðari heimsstyrjöldinni. Einstakt útisvæði og þjóðlegar veitingar í Bryggjunni – nýju kaffihúsi safnsins.

### **Þjóðmenningarhúsið**

Hverfisgötu 15, Reykjavík.

Opið frá 11 – 17.

Aðgangur ókeypis.

Fjölbreyttar sýningar; íslenskar kvikmyndir, ljósmyndasýningin Íslendingar, handritin frá miðöldum, ullarkúla í ýmsum myndum o.fl. Barnahorn á kvikmyndasýningunni, athyglisgáfuleikur á ljósmyndasýningunni, leiðsagnarhandrit um goðsögulega dreka o.fl. á handritasýningunni, orðapúsl með ísskápsseglum. Þjóðlegar veitingar og leikhorn á veitingastofunni. Safnbúð.

### **Þjóðminjasafn Íslands**

Suðurgötu 41, Reykjavík.

Opið frá 10-17.

Ókeypis aðgangur.

Leiðsögn um sýninguna 'Þjóð verður til - menning og samfélag í 1200 ár.' Á ensku kl. 11. Á íslensku kl. 14.

### **Vesturland og Vestfirðir**

#### **Byggðasafn Vestfjarða**

Neðstakaupstað á Ísafirði.

Opið frá 9-18.

Aðgangur er ókeypis.

Sýning á sjóminjum frá síðustu öld í Turnhúsinu, sýning um strandhlunnindi, harmonikusafn Ásgeirs S. Sigurðssonar o.fl.

#### **Byggðasafnið að Reykjum**

Hrútafirði.

Opið frá 10-18.

Frítt inn fyrir alla aldurshópa.

Þór Magnússon fv. Þjóðminjavörður verður þennan dag í safninu og veitir gestum leiðsögn.

#### **Minjasafn Egils Ólafssonar**

Hnjóti í Örlýgshöfn er í leiðinni út á Látrabjarg.

Opið frá 10 til 18.

Aðgangur ókeypis í tilefni dagsins.

Messa í Sauðlauksdalskirkju klukkan 14 að lokinni þeirri athöfn bíður safnið í messukaffi á Hnjóti.

Klukkan 15:30 'Minningar Kollsvíkings frá 19. öld', frænkurnar Oddný S. Jónsdóttir og Sveinbjörg Jónsdóttir segja frá lífsbaráttu langafa síns Ólafs T. Guðbjartssonar bónda í Hænuvík.

#### **Safnasvæðið á Akranesi**

Görðum.

Opið 10-17.

Ókeypis aðgangur fyrir alla.

Ratleikur um svæðið fyrir alla fjölskylduna

#### **Safnahús Borgarfjarðar**

Sýningin Börn í 100 ár í Safnahúsi Borgarfjarðar.

Opið frá 13-18

Ókeypis aðgangur.

Leiðsögn á heila tímanum.

### **Norðurland**

#### **Byggðasafnið Hvoll, Dalvík**

Opið frá 11 - 18.

Ókeypis aðgangur en kostar 1000 kr. á tónleikana.

Hinn svarfdælskættaði Tómas Einarsson bassaleikari þenur hljóðfærið og hefjast tónleikarnir kl. 13.00

#### **Byggðasafn Skagfirðinga**

í Minjahúsinu á Sauðárkróki og Glaumbæ á Langholti

Minjahúsið er opið frá 13 - 21.

Í Glaumbæ er opið frá 9 - 18.

Ókeypis aðgangur.

Í Minjahúsinu munu sérfræðingar frá Náttúrustofu Norðurlands vestra vera með erindi um lífnaðarhætti hvítabjarna kl. 14 og svara spurningum.

Í Glaumbæ verða sýnd gömul handbrögð og eigendur gamalla og uppgerðra dráttarvéla heimsækja safnsvæðið í sínu fínasta pússi.

Byggðasafn Skagfirðinga er tilnefnt til Íslensku safnaverðlaunanna 2010.

### **Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi**

Árbraut 29, á bökkum Blöndu.

Opið frá 10 - 17.

Ókeypis aðgangur fyrir 16 ára og yngri.

Á Safnadaginn er kaffi og kleinur innifalið í aðgangseyri.

Unnið verður í öllum rýmum safnsins. Tekið verður ofanaf, kembt, spunnið og prjónað. Heklað og gimbað, saumað út og ofið í vefstól. Gestir fá að taka þátt.

Sumarsýning safnsins: DRESS COLLAGE-Steinunn Sigurðardóttir. hönnuður og ENDURGJÖF- Hildur Bjarnadóttir, myndlistarmaður.

Heimilisiðnaðarsafnið er tilnefnt til Íslensku safnaverðlaunanna 2010.

### **Iðnaðarsafnið á Akureyri**

Krókeyri.

[www.idnadarsafnid.is](http://www.idnadarsafnid.is)

Opið frá 10 – 17.

Ókeypis aðgangur fyrir alla.

Minningabox: Farmiði í ferðalag aftur til fortíðar. Sýning á völdum gripum af safninu sem vekja minningar.

### **Minjasafnið á Akureyri**

Aðalstræti 58.

Opið frá 10-17.

Enginn aðgangseyrir í tilefni dagsins.

Safnið býður uppá fjölskylduvænar sýningar en þær eru:Fjár sjóður - eyfirsir ljósmyndarar 1858-1965 Eyjafjörður frá öndverðu og Akureyri - bærinn við Pollinn.

### **Nonnahús.**

Aðalstræti 58, Akureyri.

Opið frá 10-17.

Enginn aðgangseyrir í tilefni dagsins.

### **Gamli bærinn Laufás**

Grýtubakkahreppi.

30 km norðaustan við Akureyri.

Opið frá 9-18.

15 ára og yngri fá frítt inn.

Starfsdagur í Gamla bænum kl 13:30 - 16. Dagurinn hefst með fjölskyldustund í kirkjunni.

Gamli burstabærinn iðar af lífi þennan dag og vel fer á meðal vinnumanna og -kvenna í heyskapnum. Tilvalið er því fyrir alla fjölskylduna að upplifa lífið eins og það var á 19. öld.

#### **Safnahúsið á Húsavík**

Opið frá 10-18.

Ókeypis aðgangur.

Nýjar sýningar! Mannlíf og náttúra -100 ár í Þingeyjarsýslum

Ljósmyndasýning – Silli.

Myndlistarsýning - Joris Rademaker.

#### **Grenjaðarstaður í Aðaldal,**

S-Þingeyjarsýslu.

Opið frá 10-18.

Ókeypis aðgangur.

#### **Byggðasafn N-Þingeyinga við Snartarstaði,**

N-Þingeyjarsýslu.

Opið frá 13-17.

Ókeypis aðgangur í sumar.

#### **Síldarminjasafn Íslands**

Siglufirði.

Opið frá 10 – 18.

Ókeypis aðgangur fyrir börn og unglunga undir 16 ára.

#### **Þjóðlagasetur sr. Bjarna Þorsteinssonar**

Siglufirði.

Opið frá 10 – 18.

Ókeypis aðgangur fyrir börn og unglunga undir 16 ára.

Lokátónleikar Þjóðlagahátíðar 2010 í Siglufjarðarkirkju kl. 14

Tryggvi M. Baldvinsson: Sprettur

Hafliði Hallgrímsson: Svíta op. 44. Konsert fyrir trompet og hljómsveit. Frumflutningur

Jón Leifs: Minni Íslands op. 9

Beethoven: Sinfónía nr. 1 í C-dúr

Sinfóníuhljómsveit unga fólksins

Háskólakórinn

Einleikari: Jóhann Nardeau trompet

Stjórnandi: Gunnsteinn Ólafsson

#### **Verslunarminjasafnið Hvammstanga**

Opið frá 11-17.

Ókeypis aðgangur fyrir alla aldurshópa.

#### **Víðimýrarkirkja í Skagafirði.**

Opið frá 9-18.

Ókeypis aðgangur.

## Austurland

### **Minjasafn Austurlands**

Laufskógar 1, Egilsstaðir.

Opið frá 11-17.

Aðgangur ókeypis.

Fjölbreyttar sýningar fyrir unga sem aldna.

### **Minjasafnið á Bustarfelli**

Innst í Hofárdal í Vopnafirði, u.þ.b. 20 km frá þorpinu Tanga.

Opið frá 10-18

Aðgangur ókeypis fyrir börn að 9 ára aldri

Minjasafnið á Bustarfelli iðar allt af lífi og fjöri á safnadaginn. Fjöldi fólks kemur og sýnir og leiðbeinir við gömul handbrögð og verklag. Amman kemur með börnin sín og segir sögur að fyrri tíma hætti og fer með þeim í leiki fyrri daga. Hrossháravinnsla verður í vinnusmiðjunni 'Sparðinu', spunnið, kembt, þrjónað, ofið og margt margt fleira. Þjóðlegar veitingar í boði ásamt stórum skammti af gleði og gamni.

### **Safnahúsið Neskaupstað**

Egilsbraut 2, Neskaupstað.

Opið frá 13-17.

Aðgangur ókeypis.

Náttúrugripasafnið í Neskaupstað. Sjóminja- og smiðjumunasafn Jósafats Hinrikssonar. Myndlistarsafn Tryggva Ólafssonar.

### **Íslenska stríðsárasafnið á Reyðarfirði**

Spítalakampi við Hæðargerði, Reyðarfirði.

Opið frá 13-17.

Aðgangur ókeypis.

### **Sjóminjasafn Austurlands á Eskifirði**

Strandgötu 39b, Eskifirði.

Opið frá 13-17.

Aðgangur ókeypis.

## Suðurland

### **Byggðasafn Árnesinga**

í Húsinu á Eyrarbakka.

Opið frá 11-18.

Ókeypis aðgangur.

Sýningin Auður böf eða blessun.

Ný sýning opnar í hjallinum einu af útihúsum safnsins.

Tónleikar í stásstofu Hússins. Aer-tríóið flytur þjóðlög eftir sunnlensk tónskáld kl. 16.00. Aer-tríóið skipa Margrét Stefánsdóttir sópransöngkona, Jóhann I. Stefánsson trompetleikari og Hilmar Örn Agnarsson orgelleikari.

### **Sjóminjasafnið á Eyrarbakka,**

Túngötu 59.

Opið frá 11-18.

Ókeypis aðgangur.

Sumarsýningin Manstu hvar þú varst? í forsal safnsins.

Tundurdufl á lóð safnsins.

Magnús Karel Hannesson leiðir sögugöngu um Eyrarbakka. Lagt af stað frá safninu kl. 14.00.

### **Rjómabúið á Baugsstöðum**

Opið frá 13-18.

Aðgangseyrir kr. 500.

Ókeypis fyrir börn.

Leiðsögn og vélar gangsettar fyrir gesti.

### **Þuríðarbúið**

við Strandgötu á Stokkseyri.

Opin á öllum tímum.

Aðgangur alltaf ókeypis.

Sjóbúið til minningar um horfna sjávarhætti og merka sjókonu.

### **Listasafn Árnesinga**

Hveragerði.

Opið frá 12-18 (alla daga).

Ókeypis aðgangur alltaf.

Í gangi er sýningin AÐ ÞEKKJAST ÞEKKINGUNA,

fjölbreytt verk 15 samtímalistamanna.

Verkefni fyrir fjölskylduna í boði allan daginn.

Leiðsögn og sýningarspjall kl. 15

### **Keldur á Rangárvöllum**

Opið frá 9-17.

Ókeypis aðgangur.

### **Skógasafn**

Austur-Eyjafjöllum –

Rangárþingi eystra.

Opið frá 9-18.

Ókeypis aðgangur fyrir 16 ára og yngri svo og fyrir eldri borgara og öryrkja.

Allar deildir safnsins opnar.

### **Veiðisafnið - Stokkseyri**

Opið frá 11-18

ókeypis aðgangur

Uppstoppuð veiðidýr og veiðitengdir munir, íslensk og erlend skotvopn, fræðsla og safnaleiðsögn.

**Fiska og Náttúrgripasafn Vestmannaeyja**

Heiðarvegi 12, Vestmannaeyjum,

Opið frá 11-17,

Aðgangur ókeypis.

Berlind Kristjánsdóttir sýnir glerlist í fiskabúrunum.

**Reykjanes****Duushús / Byggðasafn**

Duusgata 2-8, Reykjanesbæ.

Opið frá 13-17.

Ókeypis aðgangur.

Völlurinn, nágrenni innan girðingar.

**Duushús / Bátasafn Gríms Karlssonar**

Opið frá 13-17.

Ókeypis aðgangur.

Rúmlega 100 bátalíkön.

**Duushús / Listasafn Reykjanesbæjar**

Opið frá 13-17.

Ókeypis aðgangur.

Efnaskipti/Metabolism:

Anna Líndal, Guðrún Gunnarsdóttir

Hildur Bjarnadóttir, Hrafnhildur

Arnardóttir, Rósa Sigrún Jónsdóttir.